

# Fundargerð 88. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, mánudaginn 3. júlí kl. 13:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Valgerður Rún Benediktsdóttir sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA**

Fundargerð 87. fundar lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð samþykkt samhljóða.*

**2. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Valgerður Rún Benediktsdóttir sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri fjölluðu um ýmis mál er varða Úrvinnslusjóð. Úrvinnslusjóður hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförmu og hefur framkvæmdarstjóri látið af störfum. Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 22. júní sl. var til umfjöllunar samningur Úrvinnslusjóðs annarsvegar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og veiðarfæragerða hinsvegar og liggur fyrir bókun stjórnar um málið. Úrvinnslusjóður birti nýlega ársskýrslur á vefsíðu sinni um álagningu úrvinnslugjalda eftir vöruflokkum árin 2019-2022. Þar koma jafnframt fram upplýsingar um ráðstöfun úrvinnslugjalda til einstakra þjónustuaðila. Fyrir liggja niðurstöður hluta úrtakskannanna sem Úrvinnslusjóður stendur fyrir en kostnaðarþátttaka sjóðsins vegna sérstakrar söfnunar sveitarfélaga byggja á þessum könnunum. Greiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar hafa dregist m.a. þar sem upplýsingar frá þjónustuaðilum hafa ekki borist sjóðnum fyrir öll sveitarfélög.

*Verkefnisstjórnin telur afar mikilvægt að vel verði fylgst með næstu skrefum hjá Úrvinnslusjóði og stjórnarmenn haldi áfram að sinna eftirlitshlutverki sínu með starfsemi sjóðsins. Innleiðing þrepaskiptra gjalda ætti að vera forgangsmál hjá sjóðnum og bæta þarf gegnsæi og áreiðanleika gagna um ráðstöfun úrgangs sem sjóðurinn höndlar með. Mjög bagalegt er að greiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar hafa dregist og beinir verkefnisstjórnin því til Úrvinnslusjóðs að tryggja að greiðslur vegna sérstakrar söfnunar berist sveitarfélögum og að þær standi undir meðhöndlun úrgangi sem heyrir undir*

sjóðinn. Fyrir liggur bókun stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um meðhöndlun veiðarfæraúrgangs og samning milli Úrvinnslusjóðs annars vegar og SFS og veiðarfæragerða hins vegar. Tekur verkefnisstjórn undir framlagða bókun stjórnar. Mikilvægt er að komast að niðurstöðu um ábyrgð og ráðstöfun veiðarfæraúrgangs án tafar.

### **3. Reglugerð um meðhöndlun úrgangs - 2211036SA**

Flosi H. Sigurðsson, lögfræðingur sambandsins, sagði frá því að fulltrúar umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins hafa fundað með fulltrúum sambandsins vegna endurskoðunar á reglugerð um meðhöndlun úrgangs. Drög að reglugerð birtist í samráðsgátt stjórnvalda 8. desember sl. og hefur enn ekki hlotið gildi.

Verkefnisstjórn telur mikilvægt að vinnu við nýja reglugerð ljúki sem fyrst enda er núgildandi reglugerð úrelt og ekki í samræmi við gildandi lög um meðhöndlun úrgangs. Koma þarf sjónarmiðum sveitarfélaga á framfæri enda veruleg þörf á nánari leiðbeiningum um hvernig skilja á einstök ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs.

### **4. Samþykktir fyrir meðhöndlun úrgangs - 2012018SA**

Sveitarfélög eru mörg hver að uppfæra samþykktir um meðhöndlun úrgangs sem byggja á 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Í Handbók um úrgangsstjórnun sem sambandið vann og Umhverfisstofnun heldur utan um kemur fram í viðauka 2 sniðmát fyrir samþykktir sem á að vera sveitarfélögum til leiðbeiningar. Komið hefur í ljós að ástæða er til að endurskoða viðaukan og hefur sambandið unnið drög að nýju sniðmáti, dags. 23. júní sl. Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri kynnti drögin.

### **5. Sniðmát fyrir útboð - 2112034SA**

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri sagði frá því að í tengslum við átakið „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ hefur sambandið staðið fyrir gerð sniðmáta fyrir sveitarfélög fyrir innkaup vegna úrgangspjónustu. Í desember 2022 gaf sambandið út sniðmát fyrir sérstaka söfnun við heimili og rekstur grenndarstöðva. Sniðmátið hefur nú verið endurskoðað auk þess sem unnin hafa verið drög að sniðmátum fyrir útboð á meðhöndlun úrgangs eftir söfnun og rekstur söfnunarstöðva. Sveitarfélög taka ákvörðun um hvort þau sinna sjálf eða útvista verkefnum á þeirra vegum í tengslum við úrgangsstjórnun, þ.m.t. sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs. Framkvæmd innkaupa, útboða og samninga um verkefnin eru mikilvægir hlekkir í því að ná markmiðum og tryggja að rekstur og þjónusta sé eins og sveitarfélag ákveður. Ólíkt er á milli sveitarfélaga hvaða þættir eru á hendi sveitarfélagsins og hvað er boðið út en ábyrgð sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs fellur ekki niður þó að hluta þjónustunnar sé útvistað og sinnt af þjónustuaðilum. Drög að þremur sniðmátum, dags. júní 2023, lögð fram til kynningar.

### **6. Samræmdar norrænar merkingar EUPicto - 2009210SA**

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri sagði frá því að samningur sambandsins og Fagráðs um endurnýtingu og úrgang (FENÚR), dags. 21. desember 2021, vegna innleiðingar samræmdra norræna merkinga innanlands rennur út um áramót. Sambandið er aðili að norrænu samtökunum EUPicto sem á merkin. Skoða ætti hvernig verkefninu er best borgið til framtíðar, sér í lagi í ljósi þess að áhugi framleiðenda á merkjunum er að aukast og að með lögum nr. 103/2021 um innleiðingu hringrásarhagkerfis var gerð sú krafa frá og með síðustu áramótum að nota merkin í fyrir ákveðna úrgangsflokka. Evrópusambandið hefur verið að skoða samræmdar merkingar fyrir flokkun úrgangs í Evrópu og von er á tillögum þess efnis í júlí.

*Verkefnisstjórn telur mikilvægt að þroska umræðuna frekar um næstu skref hvað varðar samræmdar merkingar og óskar eftir því að málið verði aftur tekið fyrir næsta haust á fundi verkefnisstjórnar.*

#### **7. Niðurstöður könnunar meðal sveitarfélaga - 2009232SA**

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri kynnti niðurstöður könnunar sem sambandið stóð fyrir meðal allra sveitarfélaga í febrúar til maí um úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis vegna laga nr. 103/2021 en flestar lagakröfurnar komu til framkvæmda 1. janúar sl. Könnuninni var skipt í þrennt og unnin í tengslum við átakið „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ sem sambandið setti á fót í mars 2022 með aðstoð umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins. Könnunin er framhald af fyrri könnun sem var framkvæmd sumarið 2022 en ekki er vitað um sambærilega könnun á stöðu innleiðingar hjá lögaðilum eða öðrum þeim sem bera ábyrgð á að ná markmiðum laganna.

*Verkefnisstjórnin telur mikilvægt að fylgjast með reglubundnum hætti með hvernig sveitarfélögum og öðrum sem ábyrgð hafa á meðhöndlun úrgangs gengur að innleiða kröfur sem gerðar eru. Einnig að niðurstöðurnar verði kynntar umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Æskilegt er að annarri könnun verði hrundið af stað næsta vor.*

#### **8. Municipal Waste Europe - 2009223SA**

Sambandið er aðili að Evrópsku samtökunum Municipal Waste Europe (MWE) en þau eru evrópsk regnhlífarsamtökin sem standa fyrir ábyrga úrgangsstjórnun. Meðlimirnir eru svæðisbundin stjórnvöld í úrgangsmálum og sambærileg landsbundin eða svæðisbundin samtök. Eygerður Margrétardóttir sérfræðingur sambandsins, sem jafnframt er fulltrúi Íslands í samtökunum, sótti aðalfund og stefnumótunarfund samtakanna 24. maí sl. og sagði frá honum. Fyrir liggur skýrsla um starfsemi og ársreikning samtakanna 2022, dags. 24. maí auk fundargerðar síðasta stefnumótunarfundar frá 25. nóvember 2022 ásamt kynningu á helstu málum sem samtökin starfa nú að, dags. 23. maí.

#### **9. Önnur mál - 2009111SA**

*Kynnt var bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. júní, um ábyrgð sveitarfélaga á söfnun og meðhöndlun dýraleifa.*

Rætt var um vinnu starfshóps um textíll sem verkefnisstjórnin kom á laggirnar en miðað er við að niðurstöður hópsins komi á borð verkefnisstjórnar næsta haust.

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður 28. ágúst kl. 11:00 og verður staðfundur.

Fundi var slitið kl. 15:00

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Steinþór Þórðarson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson